

Kvennalistinn á Vesturlandi var stofnaður á Akranesi í október 1984. Haldnir hafa verið nokkrir kynningarfundir í kjördæminu. Unnið hefur verið í hópum að ýmsum málefnum. (T.d. menntamál bænda, sjóðakerfi og sölumál tekin til umræðu). - Upp á síðkastið hefur starfið aðallega verið fólgið í undirbúningi fyrirhugaðrar ráðstefnu.



Kvennalistinn vill að samfélagið meti konur á sínum eigin forsendum til jafns við karla, jafnframt vill hann að konur, karlar og börn standi jafnt að vígi þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stendur til
Kvennalistinn leitast við að túlka skoðanir kvenna. Óháð stétt, menntun eða búsetu. Öll mál jafnt efnahagsmál sem uppeldismál koma konum við sem þátttakendum í íslensku þjóðfélagi.
Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans.



Vissir þú

- að aðeins 5.5% kvenna ná meðaltekjum karla?
- að samanlagður vinnutími kvenna utan heimilis og innan er allt að þriðjungur lengri en vinnutími karla?
- að sankvæmt skýrslu S.P. árið 1980 var séreign kvenna aðeins 1% af eignum jarðarinnar, en þær unnu hins vegar um 2/3 hluta af öllum vinnustundum í heiminum.
- að laun ógiftra kvenna á besta (vinnu) aldri eru sambærileg við laun unglingsstráka og karla á ellilífeyrisaldri?
- að skv. lögum njóta húsmæður aðeins 1/4 sjúkradagpeninga.

1985



Fréttir af Vesturlandi

Ráðstefna um málefni

kvenna verður haldin

á Varmalandi dagana

22. og 23. júní.

**Kvenna
listinn**




Hefur þú eitthvað fram að færa
varðandi skólumál í dreifbýli eða
stöðu konunnar í sjáfarútvegi
eða viltu fræðast um það?

Hver hefur verið stöða konunnar í land-
búnaði í gegn um árin?

Margir hafa myndað sér ranga skoðun
um stefnu Kvennalistans.

Nú gefst tækisæri til að
kynnast henni millilíða-
laust.



Ráðstefna um málefni kvenna.

Dagana 22. og 23. júní verður haldin ráðstefna að Varmalandi í Mýrasýslu. – Á laugardeginum verður rætt um landbúnað og sjávarútveg og stöðu konunnar í þessum greinum. Á sunnudeginum verða skólamál og hugmyndafræði Kvinnalistsans rædd.

Vinnuhópar starfa nú að undirbúningi hvers umræðuefnis. Meiningin er að stutt framsaga verði um hvert mál en síðan umræður ýmist í hópum eða almennt. Að lokum verða niðurstöður dregnar saman.

Þið sem hafið áhuga á að taka þátt í ráðstefnunni eruð beðin að hafa samband við einhverja eftirtalinna fyrir 19. júní:

Birna, Efri-Brunná, s. 93-4950
Guðrún, Akranesi, s. 93-2938
Rósa, Rauðanesi, s. 93-7487
Svava, Görðum, s. 93-5719

Einnig liggur frammi þáttökulisti á Hótel Vík.

Þáttökugjald verður sennilega kr. 500-1000 en það reiknast út frá fjölda. Matur verður seldur á farfuglaheimilinu og er fólk beðið að tilkynna hvaða máltíðir það kaupir.

Varðandi svefnpláss þá er hægt að sofa á gólfinu í ráðstefnusalnum og er það ókeypis, eða kaupa tjaldstæði og í 3. lagi er hægt að fá svefnpokapláss á farfuglaheimilinu, sem er á staðnum en vissast er að panta það sem fyrst.

Barnapössun verður fyrir börn á aldrinum 2-6 ára og aðstaða fyrir eldri börn. Á laugardagskvöldið verður kvöldvaka og er öllum heimilt að flytja þar efni.

Að síðustu bendum við ykkur á að taka sundfötin með því sundlaug er á staðnum.



Dagskrá ráðstefnunnar.

Laugardagur, 22.6.

- 13:00 Setning
- 13:30 Fyrirlestur um stöðu konunnar í sjávarútvegi.
Fyrirlestur um stöðu konunnar í landbúnaði.
Hópumræður.
- 15:30 Miðdegiskaffi.
- 17:00 Framhald hópumræðna.
- 19:00 Hópar gera skil.
- 20:00 Kvöldmatur.
- 21:30 Kvöldvaka.

Sunnudagur, 23.6.

- 9:30 Morgunmatur.
- 10:00 Erindi um skólamál.
Umræður.
- 13:00 Hádegismatur.
- 14:00 Erindi um hugmyndafræði Kvinnalistsans.
Hópumræður.
Hópar gera skil.
Umræður.
- 18:00 Slit - Kaffi.

